

Sveitarstjórnarfundur 30. september 2021

Fimmtudaginn 30. september 2021 kom sveitarstjórn Kaldrananeshrepps saman til 34. fundar kjörtímabilsins á skrifstofu hreppsins í samkomuhúsinu Baldri á Drangsnesi. Fundinn sátu þau Finnur Ólafsson, Arnín Óladóttir, Margrét Ólöf Bjarnadóttir, Bjarni Þórisson og Halldór Logi Friðgeirsson.

Oddviti setti fund kl. 20:00. Bjarni Þórisson ritar fundargerð á tölvu.

Dagskrá 34. fundar:

1. Fundargerð 33. sveitarstjórnarfundar 01.09.2021
2. Fundargerðir nefnda
3. Aðrar fundargerðir
4. Eftirlitsheimsókn Vinnueftirlitsins
5. Gjaldskrá vatnsveitunnar
6. Jarðhitaleit í Kaldrananeshreppi
7. Kjörskrá Kaldrananeshrepps samþykkt
8. Erindi Fiskistofu
9. Áætlun vegna vinnu byggingarfulltrúa
10. Áætlun vegna vinnu skipulagsfulltrúa
11. Ljósleiðari – Framkvæmdir
12. Ráðstöfun Grundargötu 11
13. Ráðstöfun skólaíbúðar
14. Bréf frá Samgöngu- og Sveitarstjórnarráðuneytinu
15. Ný lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana
16. Almannaþing og Covid 19
17. Bréf frá Strandabyggð

Fundargerð:

1. **Fundargerð 33. sveitarstjórnarfundar 01.09.2021**
Oddviti gerði grein fyrir afgreiðslu mála frá síðasta fundi.
2. **Fundargerðir nefnda**
 - a. Fundur Fjallskilaneftndar 06.09.2021.
Fundargerðir lagðar fram til kynningar. Sveitarstjórn staðfestir.
1. Fundur umhverfis-byggingar og skipulagsnefndar 26.08.2021 önnur umræða eftir að lið 4. var frestað á seinasta sveitarstjórnarfundum.

Arnín vikur af fundi vegna vanhæfis.

Tekin fyrir tillaga að breytingu á aðalskipulagi Kaldrananeshrepps.

Fyrir liggur tillaga að breytingu á aðalskipulagi Kaldrananeshrepps 2010-2030 vegna frístunda- og ferðaþjónustusvæðis úr hluta jarðarinnar Hvamms í Bjarnarfirði. Uppdráttur og greinargerð, dags. 25.01.2021

Um er að ræða breytingu á landnotkun þar sem gert er ráð fyrir frístundabyggð (FS12) og ferðaþjónustu (VP5) á svæði sem er skilgreint sem landbúnaðarsvæði í gildandi aðalskipulagi.

Tillagan var auglýst frá 28. apríl 2021 með athugasemdafresti til 10. júní 2021. Umsögn barst frá einum lögboðnum aðila, þ.e. Vegagerðinni. Í umsögn stofnunarinnar kemur fram að Vegagerðin gerir ekki athugasemd við skipulagstillöguna.

Ekki barst umsögn frá Minjastofnun þar sem nú þegar liggur fyrir fornleifaskráning um svæðið.

Sveitarstjórn samþykkir framlagða breytingu á aðalskipulagi Kaldrananeshrepps og að hún verði send til staðfestingar hjá Skipulagsstofnun. Auglýsing um gildistöku hennar birt í B-deild Stjórnartíðinda.

2. Tekin fyrir tillaga að deiliskipulagi á jörðinni Hvammur í Bjarnarfirði

Fyrir liggur tillaga að deiliskipulagi fyrir frístundabyggð og ferðaþjónustu á jörðinni Hvammur í Bjarnarfirði, dags. 14.01.2020.

Um er að ræða deiliskipulag sem gerir ráð fyrir fimm frístundalóðum, einni stórri lóð fyrir ferðaþjónustu og einni íbúðarhúsalóð.

Tillagan var auglýst fram 28. apríl 2021 með athugasemdafresti til 10. júní 2021. Umsögn barst frá einum lögboðnum aðila, þ.e. Vegagerðinni. Í umsögn stofnunarinnar kemur fram að Vegagerðin gerir ekki athugasemdir við skipulagstillöguna.

Ekki barst umsögn frá Minjastofnun þar sem nú þegar liggur fyrir fornleifaskráning um svæðið.

Athugasemdir bárust frá landeigendum Bakka en sú jörð á landamerki að Hvammi. Í athugasemdunum kemur fram að um sé að ræða umtalsverðar breytingar á sveitinni, þar sem fjöldi húsa í firðinum muni tvöfaldast. Landeigendur Bakka telja mikilvægt að hugsa um afleiðingar slíkrar þorpsmyndunar í kyrrlátri sveit, m.a. með tilliti til óafturkræfni. Gerð er athugasemd við það að samkvæmt tillögunni er gert ráð fyrir lóð nálægt landamerkjum Bakka og muni bygging á þeirri lóð snúa beint að stofuglugganum á íbúðarhúsi Bakka. Landeigendur Bakka fara því fram á það að þessi tiltekna lóð verði færð á vesturhluta skipulagssvæðisins þar sem þegar hafa risið byggingar eða hún fjarlægð úr tillögunni.

Sveitarstjórn tekur að hluta undir athugasemdir landeigenda Bakka með tilliti til fyrirhugaðs byggingarmagns en bendir á að nú þegar eru í gildi tvö deiliskipulög fyrir frístundabyggð í Bjarnarfirði með samtals 12 óuppbyggðum lóðum. Því má færa rök fyrir því að stefna sveitarfélagsins sé að auka byggð á svæðinu og er uppbygging í tengslum við ferðaþjónustu og frístundabyggð í landi Hvamms liður í þeirri stefnu.

Sveitarstjórn telur hins vegar ekki að athugasemd er varðar nálægð byggingarreits við landamerki kalli á tilfærslu eða fjarlægingu byggingarreits úr tillögunni. Tédur byggingarreitur er skilgreindur sem lóð í athugasemdinni en sveitarstjórn telur fullvist að um sé að ræða byggingarreit B á ferðaþjónustulóðinni í deiliskipulaginu. Í sveitarfélaginu eru fordæmi fyrir nálægð bygginga við landamerki þar sem vegalengdin er mjög svipuð þeirri og vísað er til í þessari athugasemd.

Sveitarstjórn getur að lokum ekki tekið undir athugasemd frá landeigendum Bakka er varðar það að sú bygging sem mun rísa á byggingarreit B muni snúa beint að stofuglugganum á íbúðarhúsi Bakka og valda þannig ónæði. Umræddur byggingarreitur er í um 180 metra fjarlægð frá íbúðarhúsinu á Bakka og er íbúðarhúsið á Bakka staðsett nokkuð ofar í landinu en fyrirhugaður byggingarreitur B. Því er ekki hægt að fallast á þau rök að bygging á byggingarreit B komi til með að hafa neikvæð sjónræn áhrif á íbúðarhúsið á Bakka.

Sveitarstjórn Kaldrananeshrepps hefur farið yfir athugasemdir og umsagnir sem bárust og telur þær ekki þess eðlis að breyta þurfi deiliskipulagstillögunni. Sveitarstjórn samþykkir því framlagt deiliskipulag og að það verði sent Skipulagsstofnun til yfirferðar og auglýsing um gildistöku þess birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Borið upp og samþykkt samhljóða.
Arnín kemur inn á fund aftur.

3. Aðrar fundargerðir

- a. SÍS, 11. samráðsfundur skólateymis, fræðslustjóra og sveitarstjóra þar sem ekki eru starfandi skólaskrifstofur, 21.09.2021.
Fundargerð lögð fram til kynningar. Lagt fram til kynningar.
- b. Samband íslenskra sveitarfélaga, 901. fundur stjórnar, 29.09.2021
Fundargerð lögð fram til kynningar. Lagt fram til kynningar..

4. Eftirlitsheimsókn Vinnueftirlitsins

Eftirlitsskýrsla Vinnueftirlitsins lögð fram til kynningar og umræðu þar sem við á.

Eftirlitsskýrsla Grunnskólans á Drangnesi greinir frá að áætlun vinnustaðarins um öryggi og heilbrigði á vinnustaðnum hefur ekki verið uppfærð. Áætlunin á að endurspeglar vinnuverndarstarf vinnustaðarins, þar sem kemur meðal annars fram áhættumat fyrir vinnustaðinn í heild og fyrir einstaka starfsemi/verkþætti.

Skýrsla lögð fram til kynningar og sveitarstjórn ákveður að taka upp málið með skólastjóra. Borið upp og samþykkt samhljóða.

5. Gjaldskrá vatnsveitunnar

Bréf var sent til allra sveitarfélaga frá Samgöngu- og Sveitarstjórnarráðuneytinu þar sem óskað var eftir að gjaldskrár vatnsveitna sveitarfélaga væru yfirfarnar. Einnig óskaði ráðuneytið eftir því að verða upplýst með stuttri samantekt um ákvörðun vatnsgjalds og gögnum sem byggð væru á því sambandi.

Sveitarstjórn ákvað á fundi sínum þann 25. júní síðastliðinn að taka málið til ítarlegri skoðunar og fresta málinu, er bréfinu því enn ósvarað.

Hugmyndir að svari var lagt fram til kynningar og oddvita falið að bregðast við.

6. Jarðhitaleit í Kaldrananeshreppi

Kaldrananeshreppi stendur til boða tilboð að upphæð 2.000.000 kr án vsk, frá Alexander Ólafsson ehf en til stendur að bora þrjár 50m hitastigulsholur í Kaldrananeshreppi. Borað yrði niður 6“ fóðringu og 5^{1/2} holu í 50m. Tilboð lagt fram og samþykkt samhljóða.

7. Kjörskrá Kaldrananeshrepps samþykkt

Kosningar til Alþingis fóru fram 25. september síðastliðinn.

Kjörskrá Kaldrananeshrepps lögð fram til kynningar og samþykkt.

8. Erindi Fiskistofu

Fiskistofa sendi Kaldrananeshreppi ábendingu um ætlað vanhæfi löggildra vigtarmanna Drangsneshafnar. Fyrir liggur þó undanþága umræddra starfsmanna frá hæfisreglum og hafði Neytendastofa upplýst Fiskistofu um málið. Ábending Fiskistofu til Drangsneshafnar og tilkynning til Neytendastofu reyndist því tilefnislaus.

Erindi lagt fram til kynningar.

9. Áætlun vegna vinnu byggingarfulltrúa

Launa og aksturskostnaður vegna vinnu byggingarfulltrúa lagður fram til kynningar, borið upp og samþykkt.

10. Áætlun vegna vinnu skipulagsfulltrúa

Launa og aksturskostnaður vegna vinnu skipulagsfulltrúa lagður fram til kynningar, borið upp og samþykkt.

11. Ljósleiðari – Framkvæmdir

Oddviti gerði grein fyrir framkvæmdaáætlun vegna ljósleiðaravæðingu hreppsins og aðrar framkvæmdir ræddar. Oddviti hefur leitað stuðnings hjá Fjarskiptasjóði við að tengja þéttbýlið.

12. Ráðstöfun Grundargötu 11

Oddviti gerði grein fyrir stöðu fasteignarinnar Grundargötu 11 en hún losnaði nýverið. Ákveðið var að auglýsa íbúðina til sölu og athuga hvort viðunandi tilboð fæst. Að örðum kosti yrði henni haldið í leigu.

13. Ráðstöfun skólaíþúðar

Oddviti gerði grein fyrir stöðu skólaíþúðar sem staðsett er í grunnskólanum á Drangnesi.

Hreppnum hafa borist tvær umsóknir þar sem óskað er eftir að fá skólaíþúðina leigða. Annars vegar er óskað eftir að leigja hana út veturinn, hins vegar næsta sumar fyrir starfsfólk Malarhorns.

Sveitastjórn tekur vel í hvorar tveggja umsóknirnar og er oddvita falið að bregðast við í samræmi við vilja sveitastjórnar.

14. Bréf frá Samgöngu- og Sveitarstjórnarráðuneytinu

Bréf var sent til allra sveitarfélaga frá Samgöngu- og Sveitarstjórnarráðuneytinu varðandi breytingar á leiðbeiningum um ritun fundargerða og notkun fjarfundarbúnaðar. Þann 13. júní sl. samþykkti Alþingi lög um breytingu á sveitarstjórnarlögum, nr. 96/2021 en sveitarstjórnarmönnum er heimilt að taka þátt með rafrænum hætti í fundum sveitarstjórnar og nefnda og ráða á vegum sveitarfélaga.

Bréf lagt fram til kynningar.

15. Ný lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana

Þann 1. september síðastliðinn tóku í gildi ný lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Þau fela í sér sameiningu löggjafar um umhverfismat framkvæmda annarsvegar og um umhverfismat áætlana hinsvegar.

Ný lög lögð fram til kynningar.

16. Almennavarnir og Covid 19

Sveitarstjórn fer yfir nýjustu sóttvarnarráðstafanir fyrir starfsemi sveitarfélaga og leggur nýjustu reglugerðir og leiðbeiningar fram til kynningar.

17. Bréf frá Strandabyggð

Bréf var sent til sveitarfélaganna Árneshrepps, Kaldrananeshrepps og Reykhólahrepps frá Strandabyggð þar sem óskað var eftir að samningur sem sveitarfélögin gerðu með sér um skipan, rekstur og starfsemi sameiginlegrar félagsmálanefndar yrði tekinn til endurskoðunar.

Bréf lagt fram til kynningar og sveitastjórn samþykkir að hefja endurskoðun. Borið upp og samþykkt.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundargerð lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið 22:30